

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/675*  
*komudagur 8.2.2002*

Allsherjarnefnd Alþingis  
formaður og háttvirtur þingmaður  
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Vegna fréttar í Mbl. 6.2.s.l. um stjórnarfrumvarp til breytinga á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 hef ég kynnt mér málið á vef Alþingis og mér skilst að málinu sé vísað til Allsherjarnefndar eftir 1. umræðu.

Af þessu tilefni skrifaði ég stutta grein sem ég sendi til Mbl. í gærkvöld og fylgir efni hennar hér í viðhengi á Word formi ásamt mynd til gamans, sem er í samhengi við efni greinarinnar. Í stuttu máli þá er ég á móti heimildarákvæðinu um að dreifa ösku látinna yfir öræfi og hygg að flestir væru sama sinnis ef þeir þekktu málið.

Mér finnst það ónotalegt sem útivistarmanni á hálendi Íslands, mest fótgangandi með smátjald á bakinu, að fá yfir mig ösku úr flugvél, eða að drekka uppleysta öskuna látinna úr næsta læk eða vatnsbóli.

Einnig tel ég þetta geta spillt fyrir markaðssetningu á Íslensku vatni erlendis og tel eðlilegt að leitað verði umsagnar hagsmunaaðila á þeim vettvangi.

Með kærum kveðjum,  
Gísli H. Friðgeirsson,  
deildarstjóri á Löggildingarstofu.

## Dreifing ösku látinna yfir óbyggðir.

Dómsmálaráðherra hefur nýlega mælt fyrir frumvarpi til laga þar, sem gert er ráð fyrir, að heimilt verði að dreifa ösku látinn yfir haf og óbyggðir. Um þetta mátti lesa í Mbl. 6. feb. s.l. í fréttum af Alþingi. Einnig er hægt að skoða frumvarpið á vef Alþingis ([www.althingi.is](http://www.althingi.is), þskj. 573, mál 371).

Ákvæðið er þannig: *“Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur, að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi.”*

Í athugasemdum með frumvarpinu um þetta efni segir m.a.: *“Almennt ætti ekki að vera fyrirstaða fyrir því að heimila að ösku verði dreift yfir opið haf, firði og flóa, t.d. Faxaflóann, svo og óbyggðir. ... Ekki þykir fært að heimilað verði að dreifa ösku í byggð eða væntanlegri byggð, né heldur yfir stöðuvötn.”*

Ekki veit ég hvort það er rétt, að almennt sé ekki fyrirstaða fyrir því að ösku látinn verði dreift yfir óbyggðir. Hitt veit ég að ég er á móti því og að almennt veit fólk ekkert um þetta lagafrumvarp, ekki fremur en almennt um önnur þingmál. Þess vegna er hlutverk fréttamanna mikilvægt að flytja fréttir af störfum Alþingis á auðskildu máli.

Ég hef frá æsku leitað til fjalla í styttri og lengri gönguferðir að sumarlagi og í mörg ár höfum við hjónin farið í eina eða fleiri bakpokaferðir í óbyggðum á hverju sumri. Þá er fátt yndislegra en að svala þorstanum í tærum fjallalæk, kasta mæðinni og setjast á stein eða leggjast í móann og horfa upp í skýin. Kyrrðin getur verið mikil og náttúran talar sinni röddu og nærir líkama og sál og það er eins og maður nálgist skapara sinn. Einmitt þess vegna get ég skilið að einhverjir vilji láta dreifa jarðneskum leifum sínum yfir land og haf, þetta er eins konar náttúrurómantik.

Því miður eyðileggur þetta mína náttúrurómantik. Mér finnst fremur ólustugt að eiga von á að drekka öskuna af einhverjum vinum mínum þegar ég leggst niður og teyga vatnið úr fjallalæk og ennþá verra væri nú að svolgra í sig einhvern óvin sinn. Það er ekki ólíklegt að svona aska skolist einmitt með yfirborðsvatni í læki og dragár í næstu rigningu. Svo eru það fjallagrös, en á þessum gönguferðum rekst maður oft á væn skæðagrös hátt til heiða og nýtur þeirra í ljúffengri fjallagrasamjólk um miðjan vetur þegar hálsinn er sár. Þar er reyndar vísbending um að ég sé ekki einn um þessa tilfinningu í athugasemdinni þar sem segir, að ekki verði heimilað að dreifa ösku í byggð, né heldur yfir stöðuvötn. Flutningsmaður gerir sér nefnilega ljóst að fólk vill ekki fá slíka ösku yfir kartöflugarðinn sinn eða sólpallinn og vill ekki heldur draga silung úr vatni sem þannig er mengað.

Mér er ljóst að þetta eru tilfinningaleg rök og mörg mengunin er trúlega efnafræðilega og líffræðilega verri en aska látinna. Hins vegar eru rökin, sem liggja bak við þessa væntanlegu lagaheimild, reyndar einnig tilfinningaleg og ég er ekki sannfærður um að þetta mál hafi verið undirbúið á fullnægjandi hátt.

Hvað halda t.d. útflytjendur hins tæra, ferska, íslenska vatns á flöskum til erlendra markaða, að neytendum þar finnist um þetta efni? Það mætti skrifa á flöskumiðann: **Tært íslenskt fjallavatn. Öll líkaska hefur verið síuð burt. Sjá vottorð frá faggiltri prófunarstofu!**

Gísli H. Friðgeirsson

- er deildarstjóri á Löggildingarstofu.